

## Fundur stjórnar ÆSKP 26. ágúst 2021 í Neskirkju

**Mætt:** Berglind, Máni, Bolli Pétur, Aldís Elva, Hákon Darri, Anna Lilja, Sóley Adda, Erna Kristín, Sigurður Óskar og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

**Fundur hófst kl. 17.10.**

### Gleðigangan

ÆSKP lagði töluverðan tíma í undirbúning á atriði sínu fyrir gleðigönguna. Hákon og Anna Lilja stóðu sig vel í undirbúningnum og voru komin með geggjaðan fornbíl. Hugmyndin var einföld þegar búið var að hnoða henni saman, spila sunnudagaskólalög og vera með slagorðið „Láttu ljós þitt skína“ - sem er tilvitnun í ritningarvers: „Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker heldur á ljóssastiku og þá lýsir það öllum í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“

Þessi texti minnir okkur á að einstaklingur á að fá að skína eins og hann er og við eigum að upphefja hvort annað. Á tímum sem nú þar sem tilfinningin er að ákveðið bakslag hafi orðið í réttindabaráttu Hinseginfólks víða um heim, finnst okkur mikilvægt að minna á þetta. Við megum ekki fara í felur - heldur skulum við vera vitinn sem lýsir öllum hinum, héraendis og erlendis. Fjölbreytileikinn gefur samfélaginu lit og ljós.

Hægt er að nota sömu hugmynd fyrir næsta ár.

### Fundur stefnumótunarfundar

Stefnumótunarvinnan hefur verið í gagni síðan í febrúar, eftir stefnumótunarfund þar sem æskulýðsmálin voru efst á baugi. Í þessum hóp eru m.a. Bella, Jónína, Kristján Ágúst og Eva Björk.

Hugmyndin er að búa til nýtt módel fyrir æskulýðsstarf, þar sem eru 4 ½ stöðugildi svæðisstjóra, sem virka eins og núverandi staða Bellu og Kristjáns. Undir því væru 30 verkefnastjórar, nýtt orð yfir æskulýðsfulltrúa. Undir þeim væru leiðtogar. Þetta myndi efla samskiptanet og gera sterkari starfsvettvang. Greitt yrði úr ákveðnum sjóð eftir sama kjarasamningi. Þá yrði enginn að vinna í verktakavinnu.

Kerfið er hugsað til að búa til stöður fyrir fólk til að vaxa innan kirkjunnar. Fólk af almennum vinnumarkaði gæti þá líka sótt um stöður. Það hefur ekki verið nóg af þjálfun

fyrir unga leiðtoga, þar sem núverandi leiðgotar eru sjálfir of ungir. Það er svo dýrt að missa þennan árgang út sem leiðtoga og þjónaa kirkjunnar.

Það er búið að kynna þessa vinnu fyrir stóra stefnumótunarhópnum sem er yfir þessari vinnu. Viðtökurnar voru framar öllum vonum. Biskupinn lýsti því að hennar draumur væri alltaf að svona fyrirkomulag væri til staðar.

### **Vinna við kjarasamninga**

Jónína er búinn að vera í vinnu að gerð kjarasamninga fyrir starfsfólks í barna- og æskulýðsstarfi. Hún er komin með uppkast af kjarasamningi sem unnin er í samstarfi við Sameyki stéttarfélag, samningurinn byggist meðal annars á samningum ÍTR og Leiðsagnar. Áhersla er á að starfsfólk fái metna óhefðbundna menntun, eins og námskeið. Háskólapróf er einnig tekið til hækkunar sem og hæfnismat og reynsla. Þannig ættu allir möguleika á að vinna sig upp og fá borguð mannsæmandi laun launu ásamt því að vinna sér inn eðlilegan veikindarétt og orlof.

### **Landsmót 2021**

Mögulega þurfum við að endurhugsa Landsmót. Núverandi samkomutakmarkanir gefa ekki tækifæri til að halda það í eðlilegri mynd og enginn veit hvað tekur við í október. Jónína sendi fyrirspurn á Almannavarnir eftir fundinn í dag þar sem reglugerðir voru kynntar um möguleika á að halda Landsmót. En ljóst er að þær takmarkanir sem komu fram á fundinum gera landsmót í raun ómögulegt nema þátttökufjöldinn verði verulega skertur. Þá er mikil ábyrgð að standa undir að bjóða upp á svo stóran viðburð með mörgum snertiflötum á þessum tímum og áhrif á skólastarf og æskulýðsstarf gæti verið töluvert ef upp kemur smit á mótinu.

Ákveðið var samhljóða á þessum fundi að Landsmót í hefðbundnum skilningi er fellt niður. Vonandi fær Jónína svar á morgun um hvort að mögulegt sé að halda Landsmót landshlutaskipt og undir 200 manna takmörkunum. Svoleiðis landshlutamót þyrftu að vera þó öðruvísi en venjulegu héraðsmótin, líkt og Febrúarmót.

Þriðji möguleikinn er að reyna að endurtaka Live landsmót frá því í fyrra.

### **Hæfileikakeppni á netinu**

Ein hugmynd sem að kom upp var að halda hæfileikakeppni á netinu, í anda rafræna landsmótsins í fyrra. Þá væri hægt að safnast saman á góðri kvöldstund á Zoom en atriðin verða sýnd á fyrirframsendum myndböndum.

### **Fæðingarorlof framkvæmdarstjóra**

Jónína fer í fæðingarorlof fyrstu vikuna í október og því þarf að hugsa um hver getur tekið við stöðunni hennar meðan hún er í burtu. Stjórn þarf að ákveða hvort að sá starfsmaður fari í allt 60% starfið, eða hvort það komi einhver inn sem sinni aðeins grundvallar starfseminni. Jónína verður í burtu í ár, kemur aftur til starfa eftir Landsmótt 2022.

Ákveðið var að auglýsa starfið með tveggja vikna umsóknarfrest. Stjórnin ætlar svo að kalla saman nefnd af aðilum til að fara yfir umsóknirnar til að meta hæfnina. Umsóknir og fyrirspurnir verða sendar á Jónínu.

**Fundi slitið kl. 18.53.**